



Hraunflekar með sérkennilega innrauða eiginleika

ESP_033556_1890

HIRISE
HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Á þessari mynd sést hluti af Athabasca Valles flæðibasaltssléttunni, yngsta hrauninu á yfirborði Mars. Hér eru tveir hraunflekar sem hafa sérkennilega innrauða eiginleika. Á næturnar eru þessi tvö upphleyptu svæði köld en hlý á daginn, samanborið við restina af hrauninu. Yfirborð þar sem hitastig breytist hratt, er sagt hafa „lága varmatregðu“. Berg hefur oftast fremur háa varmatregðu, svo þetta kemur nokkuð á óvart.